

**Ed.**

**214. Frumvarp**

til laga um sameiningu ritsímastjóra og póstmeistara-starfanna á Akureyri.

Flutningsmenn: Einar Árnason og Jónas Jónsson.

1. gr.

Póstmeistarastarfið á Akureyri og forstjórarstarfið við ritsímastöðina þar skulu sameinuð þegar póstmeistaraembættið losnar næst.

## 2. gr.

Byrjunarlaun síma- og póstmeistara eru 3500 krónur og hækka annaðhvert ár um 300 krónur, upp í 4500 krónur, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Núverandi ritsímastjóri heldur þó sínum launakjörum óbreyttum, að viðbættri 2000 króna árlegri þóknun fyrir að taka við póstmeistarastarfinu.

## 3. gr.

Aðstoðarmaður ritsímastjórans á Akureyri skal heita aðstoðarstöðvarstjóri. Byrjunarlaun hans eru 2400 krónur og hækka annaðhvert ár um 200 krónur, upp í 3400 krónur. Um leið og breyting þessi fer fram, skal þó núverandi aðstoðarmaður ritsímastjórans þegar fá full laun, enda halda að öðru leyti sínum launakjörum óbreyttum.

## Greinargerð.

Við 1. gr. Þar sem vitanlegt er, að núverandi póstmeistari á Akureyri lætur af því starfi og tekur við öðru embætti, býðst tækifæri til þess að sameina þessa tvo starfa nú þegar. Þetta yrði í senn bæði framkvæmanlegt og myndi leiða af sjer bráðan sparnað fyrir ríkissjóð. Til þessa liggja eftirfarandi rök:

Bæði þessi störf eru þann veg vaxin, að sami maður getur haft með höndum yfirumsjón beggja, þar sem starfræksla þeirra fer fram undir sama þaki, eins og nú háttar og verður framvegis. Núverandi ritsímastjóri hefir haft með höndum póstafgreiðslu á Seyðisfirði árin 1904—1912, og kann því vel til þess starfs. Á Norðurlöndum og Englandi eru samskonar störf sameinuð, þar sem því verður við komið, og virðist hagkvæmt fyrir Íslendinga að taka upp þá reglu, þar sem því verður jafnauðveldlega fyrir komið og hjer er.

Við 2. gr. Hjer er gert ráð fyrir, að núverandi ritsímastjóri haldi launakjörum sínum óbreyttum, en fái 2000 króna þóknun, án dýrtíðaruppbótar, fyrir að bæta á sig starfi og peningaábyrgð fram yfir það, sem honum ber skylda til samkvæmt skipunarbrjefi sínu. Til beggja starfanna ganga nú með dýrtíðaruppbót:

Til ritsímastjóra	...	...	...	...	...	...	kr.	5760
Til póstmeistara	...	...	...	...	...	...	—	6400

Samtals kr. 12160

Til samsteypustarfs þessa gengi samkvæmt áður sögðu kr. 7760, reiknað með núverandi dýrtíðaruppbót, og er það 4400 krónum lægra en nú gengur til beggja starfanna.

Við 3. gr. Hjer er lagt til, að núverandi aðstoðarmaður ritsímastjórans heiti aðstoðarstöðvarstjóri. Fyrir því er fordæmi á Seyðisfirði. Hann hefir á hendi, auk annars, alla endurskoðun og linuprófun á Akureyrargæslusviði. Við samsteypu starfanna myndi starf hans innan stöðvarinnar vaxa til mikilla muna. Það virðist því sanngjarnt, að laun hans hækki úr kr. 2800, sem þau nú

eru, upp í 3400 krónur. Er það 600 króna launaviðbót, sem með núverandi dýrtíðaruppbót yrðu 960 krónur. Yrði þá sparnaður ríkissjóðs við þessa breytingu nú þegar 3440 krónur árlega, en yrði mun meiri, þegar þeir menn, er nú gegna þessum störfum, láta af þeim.